

## AUGLÝSING

### um óverulega breytingu á deiliskipulaginu Selbrekku – efra svæði, Fljótshálsa.

Bæjarráð Fljótshálsa samþykkti 27. júní 2016 óverulega breytingu á deiliskipulagi Selbrekku – efra svæði. Breytingin á deiliskipulaginu felur í sér að fjölga lóðum um tvær, heimilt verði að byggja parhús á lóðum 1-3, 5-7, 2-4 og 6-8. Byggingarreitur fyrir parhús 5-7 er stækkaður um 1 m til austurs, í átt að óbyggðu landi og byggingarreitur fyrir parhús 6-8 er færður um 2 m til austurs.

Að auki er lóð fyrir spennistöð færð frá því að vera norðan við Klettasel 1, í að vera sunnan við Dalsel 2.

Óveruleg breyting deiliskipulagsins var samþykkt í sveitarstjórn, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Fljótshálsa, 6. september 2016.*

**Vífill Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. september 2016